

**Sp.**

## **979. Nefndarálit**

um till. til þál. um rafveitu Norðurlands.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin ræddi þetta mál ásamt hliðstæðum þáttill. á þskj. 462 og 464 á nokkrum fundum, auk þess sem málið var einnig rætt við samgöngumálaráðherra. Þá voru till. og sendar til Rafmagnseftirlits ríkisins til umsagnar. Að fenginni þeirri umsögn varð nefndin sammála um að leggja til, að tillagan yrði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGUM.**

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta svo fljótt sem unnt er ljúka áætlunum um byggingu raforkuvera og raforkuveitna til þess að fullnægja raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, og sé stefnt að því, að þessum áætlunum verði lokið eigi síðar en á miðju ári 1947.

2. Í stað „rafveitu Norðurlands“ í fyrirsögn komi: rafveitumál.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gisli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Steingr. Aðalsteinsson.	Þórður Benediktsson.	B. Kristjánsson, með fyrirvara.
Sig. Kristjánsson, með fyrirvara.	Helgi Jónasson, með fyrirvara.	Pétur Ottesen.